

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



EYFIRSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

Samfélagið og innviðir þess

Júní 2014

*Höfundur
Valtýr Sigurbjarnarson*

Verknúmer: R14012SAM

© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2014

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-18-2014

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

EFNISYFIRLIT

	Bl.
1. INNGANGUR	1
2. AÐFERÐAFRÆÐI	1
3. FRÆÐSLU- OG SKÓLAMÁL.....	1
3.1. LEIKSKÓLAR.....	1
3.2. GRUNNSKÓLAR	2
3.3. TÓNSKÓLAR	3
3.4. FRAMHALDSSKÓLAR	4
3.5. HÁSKÓLI	5
3.6. ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN	6
4. HEILBRIGÐISMÁL OG ÖLDRUNARMÁL.....	7
4.1. HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI	7
4.2. HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á GRENIVÍK.....	8
4.3. HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á DALVÍK.....	8
4.4. SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI	8
4.5. HEILBRIGÐISSTOFNUN FJALLABYGGÐAR.....	11
5. FÉLAGS- OG ÍÞRÓTTAMÁL.....	11
5.1. AKUREYRARBÆR	11
5.2. FJALLABYGGÐ	12
5.3. DALVÍKURBYGGÐ	12
5.4. HÖRGÁRSVEIT	12
5.5. EYJAFJARÐARSVEIT	12
5.6. SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR.....	13
5.7. GRÝTUBAKKAHREPPUR.....	13
6. MENNING OG LISTIR.....	13
6.1. AKUREYRARBÆR	13
6.2. DALVÍKURBYGGÐ	14
6.3. FJALLABYGGÐ	14
6.4. HÖRGÁRSVEIT	15
6.5. EYJAFJARÐARSVEIT	15

6.6.	SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR.....	15
6.7.	GRÝTUBAKKAHREPPUR.....	15
7.	LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL.....	16
8.	HÓTEL OG ANNAÐ GISTIRÝMI	16
9.	ÝMIS ÞJÓNUSTA	16
10.	VEGAKERFI	17
10.1.	NOKKRAR VEGALENGDIR.....	18
11.	ALMENNINGSSAMGÖNGUR.....	18
11.1.	LEIÐ 78, AKUREYRI – SIGLUFJÖRÐUR.....	18
12.	FLUGVELLIR	19
13.	HAFNIR	20
14.	HEIMILDIR.....	22
14.1.	HEIMILDIR AF NETINU	22
14.2.	SÍMTÖL TIL FREKARI UPPLÝSINGA.....	24

MYNDIR

	Bls.
Mynd 1. Heildarfjöldi nemenda eftir námsformi við HA 2006 - 2012.	6
Mynd 2. Þróun í starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri 2007 - 2012.	9
Mynd 3. Skipting mönnunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri 2012.	10
Mynd 4. Vegtengingar við Eyjafjörð og nágrenni.	17
Mynd 5. Leið 78 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is.	18

TÖFLUR

	Bls.
<i>Tafla 1. Fjöldi stöðugilda eftir starfsstéttum á HAK.</i>	7
<i>Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir starfsemi á HAK.</i>	7
<i>Tafla 3. Setnar stöður í tilteknum greinum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.</i>	9
<i>Tafla 4. Setnar stöður í tilteknum greinum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.</i>	10
<i>Tafla 5. Gistirými á Akureyri og nágrenni.</i>	16
<i>Tafla 6. Tímatafla leiðar 78, Siglufjörður – Akureyri.</i>	19
<i>Tafla 7. Tímatafla leiðar 78, Akureyri – Siglufjörður.</i>	19

1. INNGANGUR

Þetta verkefni er m.a. unnið með tilstyrk Vinnumálastofnunar. Það tengist öðru verkefni sem unnið var um hagþróun í Eyjafirði í samvinnu nokkurra lögaðila sem eru Akureyrarstofa, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Stefna ehf. og Vinnumálastofnun.

Markmið verkefnisins er að gera einstaklingum og forsvarsmönnum fyrirtækja auðveldara að fá stutt yfirlit um nokkra málaflokka í Eyjafirði sem snerta búsetuskilyrði á svæðinu. Við ákvörðun um búsetu skiptir vissulega máli hvaða þjónusta er í boði, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Það á við um skóla, heilbrigðisþjónustu, félagslíf, menningarmál og margt annað sem fólk sækist eftir. Með þessari samantekt er vonast til að auðvelt verði að finna ýmsar upplýsingar um samfélagið í Eyjafirði.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Upplýsingar voru sóttar á netið eftir föngum en síðan var bætt við eftir samtöl við forsvarsmenn fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

3. FRÆÐSLU- OG SKÓLAMÁL

Í þessum kafla er samantekt á fræðslu- og skólamálum, frá leikskólastigi til háskóla. Einnig er getið annarra möguleika til fræðslu, t.d. endur- og símenntunar af ýmsum toga.

3.1. Leikskólar

Leikskólar eru í öllum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Þeir eru eðli málsins samkvæmt nokkuð misjafnir að stærð og gerð. Í einstaka skólum eru laus pláss, en í fleiri tilvikum eru skólarnir fullsetnir. Sífelld er að breytast hvernig staðan er á einstökum leikskólum og þess vegna hefur lítinn tilgang að greina frá stöðu mála á tilteknum degi, enda geta slíkar upplýsingar verið villandi innan skamms. Þess í stað er vísað á heimasíður til að fá nánari upplýsingar.

Á Akureyri eru starfandi ellefu leikskólar. Níu leikskólar eru reknir af Akureyrarbæ: Hulduheimar (Kot og Sel), Iðavöllur, Kiðagil, Krógaból, Lundarsel, Naustatjörn, Pálmholt (efra og neðra), Sunnuból og Tröllaborgir. Tveir leikskólar eru einkareknir með styrk frá Akureyrarbæ: Leikskólinn Hlíðaból er rekinn af Hvítasunnusöfnuðinum og leikskólinn Hólmasól er rekinn af Hjallastefnunni ehf. Einnig rekur Akureyrarbær leikskóladeildir í samvinnu við grunnskólana í Hrísey og Grímsey. Í september 2013 dvöldu 1.102 börn í

leikskólunum á Akureyri. Allir leikskólarnir bjóða upp á 4,0-8,5 tíma dvöl. Almennt eru leikskólarnir opnir frá 7.45-16.15. Sjá akureyri.is/skoladeild/leikskolar.

Í **Grýtubakkahreppi** er einn leikskóli, Krummafótur. Þar eru 25 börn, 20 mánaða til 6 ára. Starfsmenn eru 6. Sjá grenivik.is/krummafotur/.

Í **Svalbarðsstrandarhreppi** er einn leikskóli, Álfaborg. Þar eru 22 börn og starfsmenn 7. Sjá svalbardsstrond.is/alfaborg.

Eyjafjarðarsveit. Hrafnagilsskóli er samrekin leik- og grunnskóli, sem starfar undir merkjum leikskólans Krummakots og grunnskólans Hrafnagilsskóla. Sjá nánar í umfjöllun um grunnskóla og esveit.is/is/skolastarf/skolar.

Í **Hörgársveit** er einn leikskóli, Álfasteinn. Hann er staðsettur á Lónsbakka, rétt norðan sveitarfélagamarka milli Hörgársveitar og Akureyrar. Á leikskólanum er rými fyrir 32 börn. Í byrjun mars 2014 voru 25 börn og 7 starfsmenn. Sjá horgarsveit.is.

Í **Dalvíkurbyggð** eru þrjú leikskólar. Krílakot og Kátakot eru á Dalvík en Árskógarskóli er á Árskógsströnd. Í Krílakoti eru þrjár deildir, Skýjaborg, Skakkaland og Hólakot. Boðið er upp á 4-8 1/2 tíma vistun og tekur leikskólinn við börnunum þegar fæðingarorlofi lýkur og þar geta þau dvalist uns skólaganga hefst. Alls geta dvalið milli 55 og 60 börn á þessum þremur aldursskiptu deildum, 1-2 ára á Skýjaborg, 3-4 ára á Skakkalandi og elstu börnin eru svo á Hólakoti. Kátakot heyrir undir Dalvíkurskóla en starfar eins og leikskóli. Þar eru börn á aldrinum 4 og 5 ára. Árskógarskóli er skóli fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 12 ára. starfsmenn skólanna eru 32. Sjá dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Skolar/.

Í **Fjallabyggð** er einn leikskóli eftir sameiningu skólanna haustið 2010, en hann er rekinn á tveimur stöðum. Í Leikskóla Fjallabyggðar eru 82 börn á Leikhólum í Ólafsfirði og Leikskálum á Siglufirði. Starfsmenn eru 34. Sjá fjallabyggd.is/moya/page/fraedsla.

3.2. Grunnskólar

Í **Akureyrarbæ** eru starfandi 10 grunnskólar: Brekkuskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Grímseyjarskóli, Hríseyjarskóli, Hlíðarskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli og Naustaskóli. Skólarnir eru mjög mismunandi að stærð. Grímseyjarskóli er fámennastur, 13 nemendur og 3 starfsmenn en í Brekkuskóla eru flestir nemendur 470 og starfsmenn 72. Í Lundarskóla eru flestir starfsmenn, 78 og 455 nemendur, m. a. vegna sérhæfingar í ummönnun fatlaðra nemenda. Tölurnar eru frá haustinu 2013. Sjá nánar akureyri.is/skoladeild/grunnskolar.

Í **Grýtubakkahreppi** er einn grunnskóli, Grenivíkurskóli. Sundlaug er við skólann og íþróttahús. Nemendur Grenivíkurskóla eru 49 veturinn 2013-2014. Samkennt er í fjórum námshópum. Sjá grenivikurskoli.is/.

Í **Svalbarðsstrandarhreppi** er einn grunnskóli, Valsárskóli. Þetta er fámennur skóli með samkennslu nemenda. Í Valsárskóla eru nú, veturinn 2013-2014, 49 nemendur í þremur bekkjardeildum. Talsverð samvinna er á milli grunnskóla og leikskóla enda aðstæður til þess góðar vegna nálægðar skólanna. Sjá svalbardsstrond.is/is/page/skolar.

Eyjafjarðarsveit. Hrafnagilsskóli er samrekin leik- og grunnskóli, sem starfar undir merkjum leikskólans Krummakots og grunnskólans Hrafnagilsskóla. Skólinn er með fjölmennustu dreifbýlisskólum landsins. Nemendur leikskóladeildar eru að jafnaði um 50 talsins og grunnskóladeildar um 200. Starfsmenn hins samrekna skóla eru vel á sjöunda tuginn. Skólabókasafn Hrafnagilsskóla er samrekið með Bókasafni Eyjafjarðarsveitar og er safnið staðsett í skólanum. Sjá <http://www.esveit.is/is/skolastarf/skolar>.

Í **Hörgársveit** er einn grunnskóli, Þelamerkurskóli. Hann er staðsettur á Laugalandi á Þelamörk, svo að segja í miðju sveitarfélagsins. Nemendur eru rúmlega 80. Starfsmenn eru um 20, (15,5 stöðugildi). Sjá <http://horgarsveit.is/>.

Í **Dalvíkurbyggð** eru tveir grunnskólar, Árskógarskóli og Dalvíkurskóli. Árskógarskóli er samrekin leik- og grunnskóli. Dalvíkurskóli er einsetinn með 254 nemendur í 10 bekkjardeildum. Starfsmenn eru 48. Sjá dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Skolar/.

Í **Fjallabyggð** voru skólarnir sameinaðir haustið 2010. Við skólann eru þrjár starfsstöðvar. Yngri deild í Ólafsfirði þar sem nemendur eru 65. Yngri deild á Siglufirði þar sem nemendur eru 75 og eldri deild á Siglufirði þar sem nemendur eru 135. Starfsmenn eru 47. Sjá grunnskoli.fjallabyggd.is/is/um-skolann.

3.3. Tónskólar

Tónlistarskólinn á Akureyri er staðsettur í Menningarhúsinu Hofi. Við skólann starfa fjórar deildir og er kennt á margar tegundir hljóðfæra við skólann allt frá þverflautum til rafmagnsgítara enda er bæði sígildri tónlist og dægurlagatónlist gert hátt undir höfði í starfinu. Kennarar skólans kenna tónfræði, tónmennt og aðra hóptíma innan veggja grunnskólanna auk þess að bjóða uppá hljóðfæranám í grunnskólunum á skólatíma en þetta sparar nemendum og foreldrum auka ferðir. Við skólann starfa 35 fagmenntaðir kennarar sem þjónusta um 400 nemendur í hljóðfæranámi. Sjá tonak.is/.

Tónskóli Fjallabyggðar er með starfsemi bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði. Nemendur eru um 150 og kennt er á allar helstu tegundir hljóðfæra. Við skólann starfa 9 kennarar, tveir starfsmenn við ræstingu auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Sjá fjallabyggd.is/moya/page/fraedsla.

Tónlistarskóli Dalvíkur býður nemendum upp á nám á allar helstu tegundir hljóðfæra. Auk þess er starfandi forskóladeild bæði sem skyldugrein fyrir alla nemendur 2. bekkjar í byggðinni og frjálst nám fyrir yngri nemendur. Nemendur eru 100 og starfsmenn 6. Sjá dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Skolar/.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar er rekinn af Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Hörgársveit. Kennt er á vegum skólans í Hrafnagilsskóla, Þelamerkurskóla og gamla skólahúsinu á Grenivík. Auk þess er útibú frá skólanum á Akureyri, m.a. til að sinna framhaldsskólanemum. Nemendur eru 162 og starfsmenn 14.

Sjá esveit.is/is/skolastarf/skolar/tonlistarskoli-eyjafjardar.

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar er í náinni samvinnu við leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins. Kennt er á allar helstu tegundir hljóðfæra. Nemendur eru 28 og tveir starfsmenn. Sjá svalbardsstrond.is/tonlistarskoli.

3.4. Framhaldsskólar

Í Eyjafirði eru þrjú framhaldsskólar, tveir á Akureyri og einn í Fjallabyggð (Ólafsfirði).

Menntaskólinn á Akureyri byggir á bekkjakerfi og áfangakerfi, þ.e. nemendum er raðað saman í bekki og námsefni hvernar námsgreinar er skipt í tiltekna áfanga sem fyrirfram er skipt á námsárin. Fyrsta árið er eins hjá öllum nemendum. Á öðru ári greinist námið í tvö svið, tungumála- og félagsgreinasvið annars vegar og raungreinasvið hins vegar. Á báðum sviðum er tiltekinn kjarni í náminu, sem er meginhluti námsins, en einnig er kjörsvið og frjálst val. Á þriðja og fjórða ári velja nemendur kjörsviðsgreinar. Val nemenda er um fjórðungur námsins og þeir geta að hluta valið greinar af báðum sviðum. Gefinn er kostur á að nemendur komi úr níunda bekk grunnskóla og ein bekkjardeild í MA er rekin með þeim hætti. Þannig geta nemendur, sem það velja og hafa námsgetu til, tekið stúdentspróf einu ári fyrir en almennt gerist. Nemendur skólans eru um 750 og koma víða að og drjúgur hluti þeirra býr á heimavist, sem nú er sjálfseignarstofnun og þjónar nemendum beggja framhaldskólanna á Akureyri, MA og VMA. Starfsmenn MA eru um 80. Sjá ma.is/.

Verkmenntaskólinn á Akureyri er áfangaskóli með skipulagi sem gerir nemendum kleift að sníða námið að aðstæðum sínum og þörfum. Nemendur geta lokið stúdentsprófi á þremur eða þremur og hálfu ári í stað fjögurra en jafnframt geta nemendur tekið lengri tíma til að klára námið sitt. Þá geta nemendur útskrifast af fleiri en einni braut. Námsvalið sem nemendum stendur til boða er afar fjölbreytt; almennt nám, bifvélavirkjun, byggingagreinar, íþróttasvið, hársnyrtinám, matvælanám, málmíðngreinar, rafiðngreinar sjúkraliðabraut, starfsbraut og vélstjórnarnám. Jafnframt geta nemendur lokið stúdentsprófi af félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut, listnámsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut en einnig geta nemendur lokið stúdentsprófi með eða að loknu öllu starfs-, iðn- og tækninámi við skólann. Gerður hefur verið samstarfssamningur milli Keilis í Reykjanesbæ, VMA og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar um að bjóða upp á nám í tæknifræði til BSc-gráðu í nafni Keilis þar sem hluti námsins fer fram á Akureyri. Nemendur VMA eru rúmlega 1300. Að auki stunda 400-500 nemendur nám í fjarnámsdeild skólans á hverju skólaári. Við skólann starfa hátt í 200 starfsmenn. Sjá vma.is/ og keilir.net.


Menntaskólinn á Tröllaskaga er staðsettur í Ólafsfirði. Hann hóf störf haustið 2010 og starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Stúdentspróf við skólann er 200 einingar og meðalnámstími er þrjú ár. Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir í boði: Félags- og hugvísindabraut, fisktæknibraut, íþrótt- og útivistarbraut, listabraut, náttúruvísindabraut, starfsbraut og umhverfis- og auðlinda- braut. Allar námsbrautir byggjast upp á sama kjarna, sérhæfingu, bundnu vali og frjálsu vali, svið innan brauta hafa þar að auki sérhæfingu. Frjálsa valið nýtist til enn meiri sérhæfingar til undirbúnings frekara náms eða til að stunda nám á öðrum brautum. Nemendur eru um 180 og starfsmenn 22. Sjá mtr.is/.

3.5. Háskóli

Háskólinn á Akureyri (HA) var stofnaður árið 1987. Í skólanum eru þrjú fræðasvið, heilbrigðisvísindasvið, hug- og félagsvísindasvið og viðskipta- og raunvísindasvið. Boðið er upp á grunnnám í eftirtöldum greinum: félagsvísindum, fjölmiðlafræði, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun, kennarafræði (leik- og grunnskóla), líftækni, lögfræði, nútímafræði, sálfræði, sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði. Þá er einnig boðið upp á framhaldsnám á heilbrigðisvísindasviði, í félagsvísindum, viðskiptafræði og auðlindafræði.

Þann 15. október 2013 voru 1.568 nemendur skráðir í HA, 1.225 konur og 343 karlar. Á félagsvísindasviði voru 680 nemendur, á viðskipta- og raunvísindasviði 450 og 438 á heilbrigðisvísindasviði. Eftirtektarvert er hve margir nemendur HA eru í fjarnámi, en þeir eru 721, 255 í lotunámi og 592 í staðnámi. Sjá mynd 1 og unak.is/.

Heildarfjöldi nemenda eftir námsformi



Mynd 1. Heildarfjöldi nemenda eftir námsformi við HA 2006 - 2012.

3.6. Endurmenntun og símenntun

Stofnaðilar **Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY)** eru Háskólinn á Akureyri, framhaldsskólarnir á Akureyri, listaskólarnir á Akureyri, sveitarfélög í Eyjafirði, stéttarfélög í Eyjafirði, félög atvinnurekenda og ýmis fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Sjá simey.is/is/um-simey/stofnadilar.

Hlutverk SÍMEY er að efla símenntun og auka samstarf milli atvinnulífs og skóla, og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana á svæðinu. SÍMEY stuðlar að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum. Sjá simey.is/is/um-simey.

Símenntun Háskólans á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem hefur einkum þrens konar áherslur: Endurmenntun faghópa á fræðasviðum háskólans, endurmenntun á ýmsum sviðum einkum ætluð háskólakennurum og öðru starfslíði háskólans og námskeið ætluð almenningi. Háskólinn á Akureyri starfrækir nú í gegnum Símenntun umfangsmikið fjarnám sem metið er til háskólaprófs. Sjá simey.is/is/um-simey.

4. HEILBRIGÐISMÁL OG ÖLDRUNARMÁL

Heilsugæslustöðvar eru á Akureyri, Grenivík, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar er einnig rekin sjúkra- og bráðþjónusta.

4.1. Heilsugæslustöðin á Akureyri

Umdæmi heilsugæslustöðvarinnar (HAK) eru 5 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal: Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðseyrarhreppur. Einnig gamli Hálsahreppur í Fnjóskadal. Stöðin er rekin af Akureyrarbæ samkvæmt samningi við ríkið. Heilsugæslustöðin er opin frá kl. 8-16. Heimilislæknar sinna vaktlæknaþjónustu eftir að dagvinnutíma lýkur og eru daglega með móttöku á slysadeild FSA kl. 17-21 virka daga og kl. 10-12 og 14-16 á frídögum. Vaktlæknar sinna bráðum útköllum og vitjunum. Á nóttunni svara hjúkrunarfræðingar slysadeildar í vaktsíma og gefa símtöl áfram til vaktlæknis eftir þörfum.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda eftir starfsstéttum á HAK.

Fjöldi setinna stöðugilda eftir starfsstéttum

Stöðugildi	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Læknar	10,8	10,8	10,5	11,5	11,3	11,8	10
Hjúkrunarfr. og ljósm.	16,7	16,9	17,2	15,5	15,8	15,7	17,45
Sjúkraliðar	10,2	10,5	12,1	12,7	11,9	12,4	11,4
Fjölskylduráðgjafar	2	1,6	1,6	1	1,8	1,8	1,5
Lækna- og móttökuritarar	11,2	11	10,2	8,7	8,9	8,9	8
Aðrar stöður	2,8	2,8	2,2	2,7	2,8	2,7	2,7
Samtals stöðugildi 31.12.	53,68	53,64	53,78	52,08	52,45	53,3	51,05

Tafla 2 Fjöldi stöðugilda eftir starfsemi á HAK.

Fjöldi stöðugilda eftir starfsemi

Stöðugildi	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heimilislækningar	10,8	10,8	10,5	11,5	11,3	11,8	10,0
Móttaka hjúkrunar	2,2	2,2	2,1	1,3	1,1	1,1	1,3
Mæðravernd	1,5	1,3	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4
Ungbarnavernd	2,8	2,9	2,9	2,9	2,9	2,9	2,9
Skólahjúkrun	4,9	4,8	4,8	4,2	4,7	4,8	4,8
Heimahjúkrun	15,1	15,3	16,9	16,9	16,6	17,3	17,8
Fjölskylduráðgjöf	2,0	1,6	1,6	1,0	1,8	1,8	1,5
Krabbameinsleit	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,2
Hjúkrun Grenivík	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
Ritarar	11,2	11,0	10,2	8,7	8,9	8,9	8,0
Skrifstofa	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0

Sjá nánar akureyri.is/heilsugaeslan/ .

Öldrunarheimili Akureyrar eru rekin af Akureyrarbæ samkvæmt sérstökum samningi við ríkið og eru hluti af félagsþjónustu bæjarins. Auk aldraðra Akureyringa eiga aldrið íbúar nágrannasveitarfélaga einnig kost á þjónustu á öldrunarheimilunum samkvæmt sérstökum samningum.

Öldrunarheimili Akureyrar reka 2 heimili fyrir alls 188 íbúa þar af eru hjúkrunarrými fyrir 152, dvalarrými fyrir 20 og 16 rými fyrir skammtímadvöl. Heimilin eru **Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð**, þar eru 143 íbúar og **Hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð**, með 45 íbúa og á báðum stöðum eru flestir í hjúkrunarrýmum. Öldrunarheimilin eru með fjölmennari vinnustöðum Akureyrarbæjar og þar starfa nú um 260 manns í 175 stöðugildum.

Sjá akureyri.is/oldrunarheimili/heimilin.

4.2. Heilsugæslustöðin á Grenivík

Heilsugæsluselið á Grenivík heyrir undir Heilsugæslustöðina á Akureyri en sinnir íbúum Grýtubakkahrepps. Móttaka lækna er á mánudögum kl. 13:40-15:00 og fimmtudögum kl. 09:20-10:40. Grenilundur er sambýli aldraðra á Grenivík. Þar búa að jafnaði 9 íbúar. Átta íbúar eru með fasta búsetu og eitt skammtímarými. Sjá grenivik.is.

4.3. Heilsugæslustöðin á Dalvík


Umdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík er Dalvíkurbyggð og Hrísey. Við stöðina á Dalvík starfa tveir læknar. Veitt er öll almenn lækniþjónusta. Bráðatilfellum er sinnt samdægurs. Læknir er á vakt allan sólarhringinn og sinnir erindum sem ekki geta beðið næsta dags. Sjá hgdalvik.is/. Dalbær er hjúkrunar- og dvalarheimili á Dalvík. Þar eru 24 almenn hjúkrunarrými, 17 dvalarrými og 14 dagdvalarrými.

Sjá velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/dvalarrymi/dvalarrymi/.

4.4. Sjúkrahúsið á Akureyri

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinaeðferðir. Það er annað tveggja sérgreina-sjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum. Sjúkrahúsið er kennslu-sjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Sjúkrahúsið á Akureyri leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og tekur þátt í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsvísu og er miðstöð sjúkraflugs í landinu.

Sjá nánar fsa.is/ og fsa.is/static/files/arskyrslur/Arsrit_2012.pdf.



Mynd 2. Þróun í starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri 2007 - 2012.

Tafla 3. Setnar stöður í tilteknum greinum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

<i>Setnar stöður - samanburður milli ára - (Afleysingar meðtaldar)</i>		
	2012	2011
Sérfræðingar og stjórnendur í lækningum	40,0	40,5
Aðstoðarlæknar	13,2	13,6
Læknar	53,2	54,1
Lyfjafræðingar/næringarráðgjafar	1,7	1,4
Lífeindafræðingar.....	20,1	21,7
Geislafraeðingar	11,0	10,3
Sjúkraþjálfarar	7,7	7,4
Iðjuþjálfar	6,7	6,8
Aðrir og aðstoðarmenn	9,9	10,6
Geisla-, lyfja- og lífeindafr., þjálfarar	57,1	58,2
Stjórnendur í hjúkrun, verkefnastjórar	11,5	11,2
Hjúkrunarfr., ljósmæður, nemar	125,0	126,8
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður	136,5	138,0
Sjúkraliðar og nemar	51,5	53,8
Deildarritarar	2,9	2,7
Ræsting, býtibúr	27,0	28,5
Aðstoð við hjúkrun	4,4	4,9
Sjúkraliðar og aðstoð v. hjúkrun	85,8	89,9


Til viðbótar ofantölu er ýmis stoðstarfsemi, sjá töflu 4.

Tafla 4. Setnar stöður í tilteknum greinum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

<i>Setnar stöður - samanburður milli ára - (Afleysingar meðtaldar)</i>		
	2012	2011
Sálfræðingar, djákni, prestur	4,6	4,6
Félagsráðgjafar	1,8	1,8
Kennsla og bókasafn	2,3	3,4
Félagsleg þjónusta og kennsla	8,7	9,8
Forstöðumenn þjónustudeilda	2,8	2,8
Aðstoðarmenn.....	21,9	22,7
Eldhús, saumastofa, ræsting	24,7	25,5
Trésmiðir og pípulagningamenn	3,0	2,8
Tæknimenn	3,8	4,0
Öku- og verkamenn	4,2	4,3
Tæknimenn	11,0	11,1
Stjórnendur, skrifstofumenn	20,8	21,5
Tölvunar- og kerfisfræðingar	5,8	5,8
Móttökuritarar	9,5	8,9
Læknaritarar	25,2	28,4
Stjórnun og skrifstofufólk	61,3	64,6

Samtals voru setnar stöður á Sjúkrahúsinu á Akureyri 451,1 árið 2011 og 438,3 árið 2012.

Skipting mönnunar 2012



Mynd 3. Skipting mönnunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri 2012.

4.5. Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar

Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar er bæði með starfsemi á Siglufirði og í Ólafsfirði. Hjá stofnuninni starfa 3 lækningar, 3 hjúkrunarfræðingar, 2 sjúkraliðar og 1 ljósmóðir, auk annarra starfsmanna við húsumsjón, matreiðslu og fleira. Sjá hsf.is/.

Hjá stofnuninni á Siglufirði eru 20 hjúkrunarrými og 3 sjúkra- og bráðarými eða samtals 23 rými. Á dagvist aldraðra á Siglufirði eru 7 dagdvalarrými. Á hjúkrunar-, sjúkra- og bráðasviði starfa að jafnaði 28 starfsmenn í vaktavinnu; lækningar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og annað starfsfólk.

Í Skálarhlíð á Siglufirði eru 30 leiguíbúðir fyrir eldri borgara. Þar er boðið upp á morgunmat, hádegismat og kaffi alla virka daga auk félagsstarfs.

Á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku í Ólafsfirði eru 18 hjúkrunarrými, 11 dvalarrými í eins og tveggja manna herbergjum og 6 dagvistarrými. Starfsmenn eru 36. Sjá fjallabyggd.is/is/thjonusta/stofnanir.

5. FÉLAGS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Öflugt félags- og íþróttastarf er á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka í Eyjafirði.

5.1. Akureyrarbær

Félagsmiðstöðvar á Akureyri eru fjórar talsins: Félagsmiðstöðin Dimmuborgir í Giljaskóla, Félagsmiðstöðin Himnaríki í Glerárskóla, Félagsmiðstöðin Trója sem er sameiginleg félagsmiðstöð Brekkuskóla, Lundarskóla, Naustaskóla og Oddeyrarskóla, og síðan Félagsmiðstöðin Undirheimar í Síðuskóla. Einnig er félagsmiðstöð í Hrísey. Markhópar félagsmiðstöðvanna eru unglingar í 8. - 10. bekk en einu sinni í mánuði er í boði viðburður fyrir miðstig grunnskólans. Sjá akureyri.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundir.

Íþróttahús eru við flesta skólana og auk þess eru íþróttavellir í bænum þar sem stóru félögin, KA og Þór hafa sína aðstöðu. Yfirbyggður knattspyrnuvöllur er til staðar og skautahöll. Einnig eru sundlaugar að ógleymdri góðri skíðaaðstöðu í Hlíðarfjalli. Vetraríþróttamiðstöð Íslands var stofnuð á Akureyri árið 1995 með staðfestingu samstarfs milli menntamálaráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar. VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur að megin verkefni að efla vetraríþróttir, íþróttافرæðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings. Sjá vmi.is/.

Margt fleira er í boði á ýmsum sviðum. Sjá akureyri.is/is/thjonusta/ithrottamannvirki.

5.2. Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er öflugt íþróttta- og tómstundastarf. Nefna má góð skíðasvæði, íþróttavelli, golfvelli, sundlaugar og íþróttahús, auk fjölpættar félagsstarfsemi á vegum skólanna og félaga áhugamanna. Sjá fjallabyggd.is/is/thjonusta/malaflokkar/fristundamal.

5.3. Dalvíkurbyggð

Týr er félagsmiðstöð á vegum Dalvíkurbyggðar. Markhópurinn eru börn og unglingar í 5. - 10. bekk. Í Dalvíkurbyggð er íþróttamiðstöð þar sem m.a. er frír aðgangur að netinu sem mikið er notað af ferðafólki sem fer þar í sund. Gott skíðasvæði er á Dalvík, golfvöllur og í sveitarfélaginu er stærsta hesthús landsins.

Sjá dalvikurbyggd.is/Ferdathjonusta/ og dalvikurbyggd.is/menning-og-mannlif/felagasamtok/.

5.4. Hörgársveit

Ungmennafélagið Smárinn er með íþróttastarfsemi á skólasvæði þelamerkurskóla. Í íþróttamiðstöðinni á þelamörk er bæði vel búið íþróttahús og heit sundlaug, Jónasarlaug. Í sveitarfélaginu er ýmis félagsstarfsemi, t.d. er þar Leikfélag Hörgdæla sem hefur verið afar virkt. Sjá visithorga.is/.

5.5. Eyjafjarðarsveit

Ungmennafélagið Samherjar er starfandi í sveitarfélaginu. Félagið notar íþróttamannvirki sveitarfélagsins til starfsemi sinnar, bæði yfir vetrar- og sumartímenn. Eyjafjarðarsveit styður við félagið með fjárframlögum og afslætti af leiguverði íþróttamannvirkja vegna æfinga þess. Ungmennafélagið annast rekstur íþróttta- og sparkvalla sveitarfélagsins. Mörg önnur félög eru starfandi, tengd leiklist, kórastarfi og ýmsu öðru.

Sjá samherjar.is og esveit.is/is/mannlif.

Í íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar er salur sem er löglegur fyrir helstu keppnisíþróttir innanhúss. Húsið er notað til íþróttakennslu fyrir Hrafnagilsskóla en einnig eru leigðir tímar til almennings á kvöldin og um helgar. Sundlaugin er 25 m löng og við hana heitur pottur, vaðlaug og rennibraut. Við íþróttamiðstöðina er íþróttavöllur og nýlegur sparkvöllur. Sjá esveit.is/is/thjonusta/ithrotta-og-tomstundamal.

5.6. Svalbarðsstrandarhreppur

Ungmennafélagið Æskan er starfandi í sveitarfélaginu. Þátttökugjöld barna og unglinga í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi er niðurgreitt af sveitarfélaginu.

5.7. Grýtubakkahreppur

Ungmennafélagið Magni er starfandi í sveitarfélaginu og stendur fyrir ýmiss konar félags- og íþróttastarfsemi. Íþróttamiðstöð/sundlaug er sambyggð við Grenivíkurskóla. Golfvöllur er í sveitarfélaginu og boðið er upp á ýmsa möguleika til útivistar og afþreyingar. Sjá t.d. grenivik.is/ og ferdafjordungur.is/ og polarhestar.is/.

6. MENNING OG LISTIR

Menningar- og listalíf er afar fjölbreytt í Eyjafirði. Nefna má að þar eru 23 söfn, sýningar og setur. Leikfélög eru 10, þar af eitt atvinnuleikhús á Akureyri. Kórar eru 35 og gestavinnustofur eru 7. Af þessu má sjá að menningarstarfsemi er afar mikilvæg hvað atvinnu snertir í héraðinu ekki síður en fyrir afþreyingu, enda eru afleidd störf mörg og það á bæði við um ferðaþjónustu og ýmsa aðra starfsemi.

6.1. Akureyrarbær

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um áhugaverð söfn, hús og sýningar í Akureyrarbæ (Hrísey meðtalin), sjá nánar visitakureyri.is/is/ahugavert/menning-og-sofn.

Amtsbókasafnið er eitt stærsta almenningubókasafn landsins. Það er til húsa við Brekkugötu 17 á Akureyri.

Hús Davíðs Stefánssonar, skáldsins frá Fagraskógi, er staðsett í Bjarkastíg 6 á Akureyri. Davíð byggði húsið og bjó í því til dauðadags 1964. Á efri hæð hússins er íbúð hans varðveitt eins og hann skildi við hana. Þar er geysimikið bókasafn.

Flugsafn Íslands er staðsett á Akureyrarflugvelli. Þar er að finna fjölbreytt úrval flugvéla og annarra sýningargripa sem tengjast íslenskri flugsögu.

Iðnaðarsafnið á Akureyri er safn atvinnulífs seinni alda á Akureyri þar sem sérstök áhersla er lögð á iðngreinar og fyrirtæki á því sviði. Sýndar eru vélar, framleiðsluvörur og myndir af fólki að störfum.

Í húsi Hákarla Jörundar í Hrísey er búið að koma upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum við strendur Íslands fyrr á öldum. Húsið var byggt á árunum 1885-86 af

Jörundi Jónssyni, eða Hákarla-Jörundi, úr timbri norskra skipa er fórust við Hrísey, þann 11. september 1884.

Listasafnið á Akureyri er yngsta listasafnið á landinu og jafnframt það eina sinnar tegundar utan höfuðborgarsvæðisins. Það er staðsett við Kaupvangsstræti.

Menningarhúsið Hof var formlega opnað 28. ágúst 2010. Það skapar verðugan ramma um menningar- og tónlistarlíf með því að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir fjölbreytilega viðburði á sviði tónlistar, leiklistar, danslistar og ráðstefnuhalds.

Minjasafnið á Akureyri er afar fjölbreytt og stendur fyrir fjölmörgum viðburðum auk sýningarhalds. Markmið Minjasafnsins er að safna, varðveita og rannsaka menningar-sögulegar minjar, einkum þær sem eru lýsandi fyrir daglegt líf og atvinnuvegi í Eyjafirði.

Mótorhjólafn Íslands er glænýtt safn um sögu mótorhjóla á Íslandi í yfir 100 ár. Mótorhjól, myndir og munir í glæsilegri nýrri 800 fermetra byggingu sem hönnuð er sérstaklega fyrir mótorhjólafn.

Nonnahús er talið byggt árið 1849. Akureyrarbær á húsið og þar er safn til minningar um rithöfundinn og prestinn Jón Sveinsson, Nonna (1857-1944). Húsið var friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1978 og er að flestu leyti gott dæmi um elstu timburhúsagerðina.

Í **Sigurhæðum** er Matthíasarstofa, minningarsafn um Sr. Matthías Jochumsson (1835-1920) en hann lét reisa húsið árið 1903. Þar eru jafnframt til leigu skrifstofuherbergi, búin allri nýjustu tækni og ætluð skáldum og fræðimönnum til skapandi skrifa.

6.2. Dalvíkurbyggð

Í Dalvíkurbyggð eru þrjú söfn, Bókasafn Dalvíkurbyggðar, Héraðsskjalasafn Svarfdæla og Byggðasafnið Hvoll. Bóka- og héraðsskjalasafn er til húsa í Bergi menningarhúsi við Goðabraut og Byggðasafnið hefur aðsetur að Karlsrauðatorgi 7. Sjá nánar dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Sofn/.

6.3. Fjallabyggð

Vakning hefur orðið í safnamálum og friðun gamalla húsa í sveitarfélaginu á undanförunum árum. Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði er þriðja stærsta safn landsins. Í þremur ólíkum húsum er hægt að kynna sér síldveiðar og vinnslu á silfri hafins. Á Siglufirði er einnig Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar og í Ólafsfirði er áhugavert náttúrugripasafn. Fleiri minni söfn og vinnustofur eru í sveitarfélaginu. Sjá nánar

fjallabyggd.is/is/thjonusta/malaflokkar/menning og fjallabyggd.is/is/ferdafolk og sild.is/is/page/almennt.

6.4. Hörgársveit

Gásir við Eyjafjörð er einstakur staður 11 km. norðan við Akureyri. Hvergi á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar af verslunarstað frá miðöldum. Gásakaupstaður eru friðlýstar fornleifar í umsjón Fornleifaverndar ríkisins. Sjá visithorga.is/. Á Hrauni í Öxnadal fæddist Jónas Hallgrímsson. Þar er fræðimannsíbúð og minningarstofa um Jónas. Jörðin er nú í eigu menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal ehf.

6.5. Eyjafjarðarsveit

Félagsheimili var í hverjum hinna gömlu hreppa sem sameinuðust í Eyjafjarðarsveit árið 1991. Freyvangur í Öngulsstaðahreppi, Laugarborg í Hrafnagilshreppi og Sólgarður í Saurbæjarhreppi. Freyvangur og Laugarborg þjóna enn sem félagsheimili þótt þau hafi að hluta fengið ný hlutverk og Sólgarður hýsir Smámunasafn Sverris Hermannssonar Menningarstarfsemi er mikil í sveitarfélaginu. Nefna má leiklistarstarfsemi, kórastarf og hina árlegu handverkshátíð sem er afar fjölmenn ár hvert. Sjá esveit.is/is/mannlif.

6.6. Svalbarðsstrandarhreppur

Safnasafnið var stofnað 1995 og er í Þinghúsinu á Svalbarðsströnd. Um 5.000 listaverk eru í vörslu safnsins, búin til af ýmsu tilefni á 40 ára tímabili, í ólíkum stílum og myndhugsun, einnig tugþúsundir gripa sem settir eru upp í sérdeildum eða notaðir á sýningum. Sjá safnasafnid.is/.

6.7. Grýtubakkahreppur

Laufásbærinn er stílhreinn burstabær, dæmigerður fyrir íslenska bæjagerð þess tíma, en þó allmiklu stærri. Bærinn er í dag búinn húsmunum og áhöldum líkast því sem tíðkaðist í kringum aldamótin 1900. Fjórum sinnum á ári eru haldnir starfsdagar í gamla bænum; Vorverk, Heyannir, Haustverk og Jólaannir. Í gamla prestssetrinu sem er í eigu Minjasafnsins á Akureyri verður frá og með sumrinu 2014 rekin Gestastofa Laufáss. Þar verður lögð áhersla á móttöku ferðamanna og gesta meðal annars með fræðslu um sögu staðarins, náttúruna og nánasta umhverfi hans. Þar verður einnig eins og áður starfrækt handverks- og minjagripaverslun. Veitingasalurinn í Gestastofu Laufáss tekur um 60-70 manns í sæti og er leigður út fyrir ýmiss konar samkomur svo sem fundi eða veislur. Sjá minjasafnid.is/?m=page&f=viewPage&id=12.

7. LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL

Í Eyjafirði eru tvö sýslumannsembætti, á Siglufirði sem þjónar Fjallabyggð og á Akureyri. Umdæmi sýslumannsins á Akureyri er Eyjafjarðarsýsla og tveir vestustu hreppar S-pingeyjarsýslu, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Sýslumaðurinn á Akureyri fer með lögreglustjórn í umdæmi sínu og umdæmi sýslumannsins á Siglufirði. Lögreglumenn eru staðsettir á Siglufirði og í Ólafsfirði, á Dalvík og á Akureyri. Sjá sylumenn.is/ og sylumenn.is/utanrvk/logregla/.

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa innan sinna raða þúsundir meðlima sem eru alltaf til taks. Fagmennska einkennir starf íslenskra björgunarsveita. Björgunarsveitir landsins eru allar aðilar að Slysavarnafélaginu Landsbjörg, en þær eru um 100 talsins og dreifðar um allt land, m.a. í öllum sveitarfélögum í Eyjafirði. Þar eru einnig vel búin slökkvilið sem í sumum tilvikum annast sjúkraflutninga, t.d. á Akureyri, en einnig eru dæmi um að þeim sé sinnt af starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar. Sjá landsbjorg.is/.

8. HÓTEL OG ANNAD GISTIRÝMI

Mikið hótelrymi er í Eyjafirði, einkum á Akureyri, en einnig annars konar gistirými.

Tafla 5. Gistirými á Akureyri og nágrenni.

Gistirými á Akureyri og nágrenni				
Hótel á Akureyri	Rými	468	Rúm	966
Hótel nálægt Akureyri	Rými	75	Rúm	160
Gistiheimili á Akureyri	Rými	249	Rúm	1079
Gistiheimili nálægt Akureyri	Rými	103	Rúm	293

9. ÝMIS ÞJÓNUSTA


Í Eyjafirði er að finna fjölbætta þjónustu á ýmsum sviðum, enda er þetta 25 þúsund manna hérað, þar af um 18 þúsund í langstærsta þéttbýlinu, Akureyri. Þetta er grundvöllur þess að á svæðinu er til staðar fjölbreyttasta þjónusta utan höfuðborgar-svæðisins. Hér er ekki farið í sundurliðaða upptalningu á fyrirtækjum, enda eru töluverðar breytingar sífellt yfirstandandi og upplýsingar úreldast vegna þess en nefna má sem dæmi atritektastofur, verkfræðistofur, iðn- og verktakaþjónustu, bókhalds- og

endurskoðunarskrifstofur, banka- og fjármálaþjónustu, auk þjónustu einkaaðila á sviði heilbrigðismála og félagsmála.

10. VEGAKERFI

Stofnvegir tengja saman byggðarlög í Eyjafirði. Þjóðvegur 1 liggur í gegnum svæðið og út frá honum er stofnvegur 82 til Ólafsfjarðar, 76 til Siglufjarðar og 83 til Grenivíkur. Frá þessum meginleiðum eru vegtengingar til allra staða á svæðinu þar sem er einhver íbúðarbyggð eða atvinnustarfsemi.

Stofnvegir í Eyjafirði eru samtals um 175 km og þeir eru allir með bundnu slitlagi. Mikill hluti annarra vega er einnig með bundnu slitlagi, sbr. svörtu línurnar á mynd 4.



Mynd 4. Vegtengingar við Eyjafjörð og nágrenni.

Almennt séð eru vegasamgöngur góðar innan Eyjafjarðar. Umferð til austurs og vesturs frá svæðinu getur þó verið erfið á veturna, annars vegar um Víkurskarð og hins vegar um Öxnadalshéiði. Eftir liðlega tvö ár opnast fyrir umferð um Vaðlaheiðargöng sem verða mikil samgöngubót, enda munar um 16 km. styttingu og vetrarlokanir á Víkurskarði hefta þá ekki lengur för austur á bóginn. Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Bakkaselsbrekku, en hún er erfiðasti farartálminn á leiðinni yfir Öxnadalshéiði. Sú framkvæmd er ekki á vegaáætlun og því alveg óljóst hvenær líklegt er að þau göng verði gerð. Sjá vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/.

Ferjur ganga milli lands og Grímseyjar og Hríseyjar. Sjá landflutningar.is/saefari/. Sjá einnig hrisey.net/is/page/ny_voraatlung_saevars/. Ferðir með þessum ferjum eru íbúum eyjanna að kostnaðarlausu.

10.1. Nokkrar vegalengdir

Akureyri	Km
Dalvík	44
Ólafsfjörður	61
Siglufjörður	77
Hrafnagil	13
Svalbarðseyri	13
Grenivík	38
Húsavík	91
Reykjahlíð	99
Reykjavík	388

11. ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Almenningssamgöngurnar í Eyjafirði eru reknar af samtökum sveitarfélaga, Eyþingi. Einstök sveitarfélög annast skólaakstur og í Eyjafjarðarsveit nýtist sá akstur sem almenningssamgöngur. Sjá straeto.is/ og esveit.is/.

11.1. Leið 78, Akureyri – Siglufjörður



Mynd 5. Leið 78 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is.

Á mynd 5 kemur fram hvaða áfangastaðir eru á leið 78 milli Siglufjarðar og Akureyrar. Töflur 6 og 7 sýna tímatöflur á leiðinni. Athuga ber að þær geta tekið breytingum og því er vísað á straeto.is/media/landid-2014/leid-78.pdf.

Tafla 6. Tímatafla leiðar 78, Siglufjörður – Akureyri.

Siglufjörður - Akureyri						
Siglufjörður - Olís	06:40		09:30		15:00	14:02
Ólafsfjörður - Múlavegur	06:56		09:46		15:16	14:18
Dalvík	07:10		10:00		15:30	14:32
Litli Árskógssandur - vegamót	07:21		10:11		15:41	14:43
Skriðuland	07:33		10:23		15:53	14:55
* Akureyri - Hof	07:57		10:41		16:11	15:13
Akureyrarflugvöllur	08:02					

* Mánudaga – föstudaga fer Strætó að HA, síðan að VMA og þaðan að MA áður en hann fer að Hofi.

Fremstu þrjú tímadaðalkarnir eiga við um akstur á mánudögum – föstudögum en aftasti dálkurinn á við um akstur á sunnu- og helgidögum.

Tafla 7. Tímatafla leiðar 78, Akureyri – Siglufjörður.

Akureyri - Siglufjörður						
Akureyri - flugvöllur	08:05					
Akureyri - Hof	08:15		13:15		16:30	15:40
Skriðuland	08:33		13:33		16:48	15:58
Litli Árskógssandur - vegamót	08:45		13:45		17:00	16:10
Dalvík	08:50		13:50		17:05	16:15
Ólafsfjörður - Múlavegur	09:10		14:10		17:25	16:35
Ólafsfjörður - Aðalgata	09:11		14:11		17:26	16:36
Siglufjörður - Olís	09:25		14:26		17:41	16:51

12. FLUGVELLIR

Akureyrarflugvöllur er innanlands- og millilandaflugvöllur. Flugbrautin er 2.400 metrar. Flugvöllurinn er opin frá klukkan 07:00 til 23:00 alla daga ársins. Utan þess tíma er útkallsvakt á allri þjónustu. Opið er fyrir sjúkra- og neyðarflug sem er til reiðu allan sólarhringinn. Flugstöðin getur annað allt að 400 manns í einu. Stærð farþegarýmis er 550 fermetrar sem má skipta í þrjá sali þegar millilandaflug krefst þess. Veitingasala er í biðsal. Þar er einnig hraðbanki og fríhafnarverslun fyrir millilandafarþega. Fjórar bílaleigur eru með afgreiðslu í flugstöðinni. Áætluarflug er núna til Reykjavíkur og fleiri

staða innanlands samkvæmt áætlun Flugfélags Íslands og Norlandair. Leiguflug er í boði til ákvörðunarstaða innanlands og erlendis. Sjá flugfelag.is/ og norlandair.is/.

Árið 2013 fóru um 178.000 farþegar um Akureyrarflugvöll í innanlandsflugi og 5.000 millilandaþegar. Sama ár fóru um 264 tonn af vörum um völinn í innanlandsflugi.

13. HAFNIR

Hafnaraðstaða er í öllum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Hún er afar misjöfn að umfangi, allt frá umsvifamikilli og fjölbreyttri starfsemi í Akureyrarhöfn til lítillar fiskihafnar á Hjalteyri.

Fimm sveitarfélög við Eyjafjörð standa að Hafnasamlagi Norðurlands, Akureyrarbær, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

Akureyrarhöfn er stærsta og fjölþættasta höfnin í Eyjafirði og hún telst vera stór fiski- og flutningahöfn. Bryggjukantar eru 1600 m, mesta dýpi við kant 11 m á 100 m kafla, dýpi á innsiglingu 40 m. Skipasmíðar, dráttarbraut 1000 þungatonn, flotkví 5000 þungatonn.

Sjá <http://port.is/> og fiskifrettir.is/hafnaskra/14/.

Grímseyjarhöfn er smábáta- og ferjuhöfn bryggjukantar 200 m, mesta dýpi við kant 7 m á 100 m kafla, dýpi í innsiglingu innri hafnar 5 m. Ytri höfn, 100 m kantur. Innri höfn fyrir smábáta, tvær bryggjur, 40 m og 60 m kantar, flotbryggja 17 m. Krókavog í krana í innri og ytri höfn. Ferjan Sæfari siglir til Dalvíkur og Hríseyjar. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/43/.

Hríseyjarhöfn er smábáta- og ferjuhöfn. Bryggjukantar 272 m, mesta dýpi við kant 5 m á 58 m kafla. Ferjan Sævar siglir til Árskógssands og Sæfari til Grímseyjar og Dalvíkur. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/59/.

Í Dalvíkurbyggð eru þrjár hafnir. Á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi.

Dalvíkurhöfn er meðalstór ferju- fiski- og flutningahöfn. Bryggjukantar 509 m, mesta dýpi við kant 6,5 m á 150 m kafla. Ferjan Sæfari siglir til Grímseyjar og Hríseyjar. Sjá dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Dalvik/ og fiskifrettir.is/hafnaskra/28/.

Árskógssandshöfn er ferju- og smábátahöfn. Bryggjukantar 234 m, mesta dýpi við kant 5 m á 60 m kafla. Ferjan Sævar siglir til Hríseyjar. Sjá dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Arskogssandi/ og <http://www.fiskifrettir.is/hafnaskra/16/>.

Á Hauganesi er lítil fiskihöfn sem núorðið er lítið notuð. Sjá dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Hauganesi/ og fiskifrettir.is/hafnaskra/50/.

Á Hjalteyri er smábátahöfn. Bryggjukantur 60 m, mesta dýpi við kant 4 m á 20 m kafla. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/54/.

Í Fjallabyggð eru tvær hafnir í Ólafsfirði og á Siglufirði.

Ólafsfjarðarhöfn er meðalstór fiskihöfn. Bryggjukantar 701 m, mesta dýpi við kant 6 m á 70 m kafla. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/73/.

Siglufjarðarhöfn er stór fiski- og flutningahöfn. Bryggjukantar 1043 m, mesta dýpi við kant 8,5 m á 155 m kafla. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/87/.

Á Svalbarðseyri er lítil fiskihöfn sem núorðið er lítið notuð. Bryggjukantar 10 m, mesta dýpi við kant 3 m á 10 m kafla. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/98/.

Grenivíkurhöfn er fyrir smábáta og smærri skip. Bryggjukantar 143 m, mesta dýpi við kant 5 m á 80 m kafla. Sjá fiskifrettir.is/hafnaskra/42/.

14. HEIMILDIR

Neðangreindar heimildir af netinu voru sóttar þangað í febrúar, mars og apríl 2014. Ekki er getið dagsetninga, enda var farið mörgum sinnum inn á sumar heimildirnar. Þekkt er að breytingar eiga sér sífellt stað á netsíðum og þess vegna kann annað viðmót að blasa við að nokkrum tíma liðnum.

14.1. Heimildir af netinu

akureyri.is/heilsugaeslan/

akureyri.is/skoladeild/grunnskolar

akureyri.is/skoladeild/leikskolar

akureyri.is/is/thjonusta/ithrottamannvirki

akureyri.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundir

akureyri.is/oldrunarheimili/heimilin

dalvikurbyggd.is/Ferdathjonusta/

dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Dalvik/

dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Arskogssandi/

dalvikurbyggd.is/Hafnir/Hofnin-a-Hauganesi/

dalvikurbyggd.is/menning-og-mannlif/felagasamtok/

dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Skolar/

dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Sofn/

esveit.is/

esveit.is/is/mannlif

esveit.is/is/skolastarf/skolar

esveit.is/is/skolastarf/skolar/tonlistarskoli-eyjafjardar

esveit.is/is/thjonusta/ithrotta-og-tomstundamal

ferdafjordungur.is/

fiskifrettir.is/hafnaskra/14/

fiskifrettir.is/hafnaskra/16/

fiskifrettir.is/hafnaskra/28/

fiskifrettir.is/hafnaskra/42/

fiskifrettir.is/hafnaskra/43/

fiskifrettir.is/hafnaskra/50/

fiskifrettir.is/hafnaskra/54/

fiskifrettir.is/hafnaskra/59/

fiskifrettir.is/hafnaskra/73/

fiskifrettir.is/hafnaskra/87/
fiskifrettir.is/hafnaskra/98/
fjallabyggd.is/is/ferdafolk
fjallabyggd.is/moya/page/fraedsla
fjallabyggd.is/is/thjonusta/malaflokkar/fristundamal
fjallabyggd.is/is/thjonusta/malaflokkar/menning
fjallabyggd.is/is/thjonusta/stofnanir
flugfelag.is/
fsa.is/
fsa.is/static/files/arskyrslur/Arsrit_2012.pdf
grenivik.is
grenivik.is/krummafotur/
grenivikurskoli.is/
grunnskoli.fjallabyggd.is/is/um-skolann
hgðalvik.is/
horgarsveit.is
hrisey.net/is/page/ny_voraetlun_saevars/
hsf.is/
keilir.net
landflutningar.is/saefari/
landsbjorg.is/
ma.is/
minjasafnid.is/?m=page&f=viewPage&id=12
mtr.is/
norlandair.is/
polarhestar.is/
port.is/
safnasafnid.is/
samherjar.is
sild.is/is/page/almennt
simenntunha.is/
simey.is/is/um-simey/stofnadilar
simey.is/is/um-simey
straeto.is/
straeto.is/media/landid-2014/leid-78.pdf

svalbardsstrond.is/alfaborg

svalbardsstrond.is/is/page/skolar

svalbardsstrond.is/tonlistarskoli

sylumenn.is/

sylumenn.is/utanrvk/logregla/

tonak.is/

unak.is/

vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/

velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/dvalarrymi/dvalarrymi/

visitakureyri.is/is/ahugavert/menning-og-sofn

visithorga.is/

vma.is/

vmi.is/

14.2. Símtöl til frekari upplýsinga

Samtal við Pálma Þorsteinsson 21. febrúar 2014.

Samtal við Magnús Gunnarsson, Svalbarðsstrandarhreppi, 4. mars 2014.

Samtal við Guðmund Sigvaldason, Hörgársveit, 4. og 5. mars 2014.

Samtal við Láru Stefánsdóttur, MTR, 5. mars 2014.

Samtal við Hildi Ösp Gylfadóttur, Dalvíkurbyggð, 5. mars 2014.

Samtal við Hjört Hjartarson, Fjallabyggð, 5. mars 2014.